1875

51 12ta júlí. Skylduð þjer herra amtmaður, eptir að þjer hafið borið yður saman við hlutaðeigandi lögreglustjóra og dýralækni, hafa nokkuð að athuga við þessar bendingar, býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá því. Eins vona jeg að fá frá yður framvegis þangað til ráð má gjöra fyrir því, að kláðanum sje gjöreytt, mánaðarlegar skýrslur um það, sem gjört verður til upprætunar kláðans og kemur fram um heilbrigðisástand sauðfjárins í umdæmum yðar, sjer í lagi býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá árangri máls þess, sem mun hafa verið höfðað gegn bóndanum á Efstabœ í Skorradal fyrir óhlýðni gagnvart fyrirskipun yðar um niðurskurð 116 kinda þar á bœ.

52 16da júlí. *Brjef landshöfðingja,* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Í brjefi frá 13. þ. m. hafið þjer herra amtmaður, þar sem bóndinn Þorleifur Þorleifsson á Bjarnarhöfn í Helgafellssveit hefur gert fyrirspurn til yðar um það, hvort eigi muni heimilt að stofnsetja fasta verzlun í Kumbaravogi, sem er í landareign nefndrar jarðar, beizt úrskurðar míns um það, hvort nefndur vogur geti álitizt löggiltur verzlunarstaður, og látið þjer jafnframt því það álit í ljósi, að þó ráða megi af einkaleyfislögum og öðrum ákvörðunum um verzlun landsins frá 17. og 18. öld, að verzlun hafi þá verið rekin á Kumbaravogi, leiði það af því, að hann er ekki nefndur í tilskipun frá 11. sept. 1816 nje í opnu brjefi frá 28. desbr. 1836 milli löggiltra verzlunarstaða, að það geti eigi verið leyfilegt að við hafa þar verzlun öðruvísi en á hverjum öðrum stað, sem ekki er löggiltur til verzlunar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg fellst á það álit, að tilskipun 11. septbr. 1816, með því í 5. og 6. grein sinni að tilgreina hafnir þær, sem kaupmenn mega sigla á, hafi bannað verzlan á öllum öðrum höfnum án tillits til þess, hvort áður hafi verið verzlað á þeim eður ekki, samanber einnig konungsúrskurði frá 20. maí 1818 og 4. maí 1819, sem löggilda verzlunarstað á Siglufirði, «þó staður þessi sje eigi talinn í tilsk. frá 11. septbr. 1816». Með því nú, að Kumbaravogur, eins og sagt var, er eigi talinn verzlunarstaður í nefndri tilskipun, og hann heldur eigi síðan hefur verið löggiltur, verður eigi veitt leyfi til að stofna þar fasta verzlun.

53 21sta júlí. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Eptir að þjer herra amtmaður í brjefi frá 28. desember f. á. höfðuð beizt úrskurðar míns um, hvort yður ekki samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnartilsk. frá 4. maí 1872 bæri frá 1. janúar 1875 að hætta að greiða úr jafnaðarsjóði suðuramtsins laun þau, sem að undanförnu hafa verið greidd úr honum handa lögregluþjóni í Reykjavík, skaut jeg, þar sem bœjarstjórnin hafði haldið þeirri skoðun fram, að jafnaðarsjóðurinn yrði eigi undanþeginn þessari skyldu nema með nýju lagaboði, málinu til úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland; og hefur ráðgjafinn nú í brjefi frá 6. þ. m. tjáð mjer, að hann sje mjer samdóma um það, að amtsjafnaðarsjóðurinn geti eigi lengur eptir því, sem fyrirskipað er í hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnartilskipunarinnar um, að Reykjavíkurbœr skuli eigi greiða neitt gjald í jafnaðarsjóðinn, verið skyldur að borga hin nefndu laun.

Þetta er með þessu brjefi kynnt yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

54 21sta júlí. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 30. f. m. ritað mjer á þessa leið:

Jafnframt því að senda mjer erindi, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurum-

1875

dœminu fer því á flot, að samþykkt verði, að hann hafi veitt Friðriki Pjeturssyni 40 rd. eptirgjöf á afgjaldi jarðarinnar Syðri-Reystará fardagaárið 1873—74 sem þóknun fyrir að hann hefði í fardögum 1874 staðið upp af jörð þessari fyrir sóknarprestinum að Möðruvallaprestakalli sira Davíð Guðmundssyni, og að nefnd jörð verði útlögð prestinum í tjeðu embætti, sem ljensjörð eptirleiðis — hefur herra landshöfðinginn í þóknanlegu brjefi frá 14. apríl síðastliðins, eptir að hafa leitað álits stiptsyfirvaldanna um þetta mál, aðhyllst tillögur þeirra um hið síðara atriði, og skotið því til ráðgjafans, hvort ástœða gæti verið til að samþykkja eptirgjöf þá, sem rœðir um í fyrra atriðinu. **54** 21sta júlí

Fyrir þessa sök skal til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn fallist á, að jörðin Syðri-Reystará leggist sóknarprestunum að Möðruvallaklaustri til ábúðar gegn því, að þeir greiði hin árlegu leigugjöld eptir hana í umboðssjóð Möðruvallaklausturs, og hefur þar að auki eptir atvikum virzt vera heimild til að láta 40 rd. eptirgjöf þá á afgjaldi Friðriks Pjeturssonar eptir nefnda jörð fardagaárið 1873—74, sem átt hefur sjer stað, vera óraskaða; en ráðgjafinn óskar, að amtmanninum yfir norður- og austurumdœminu verði greinilega tjáð, að konungsbrjef frá 18. apríl 1761 ekki, eins og hann virðist hafa ætlað, leggi hinu opinbera neina skyldu á herðar til að sjá um, að prestar fái ábýlisjörð, ef engin slík jörð er lögð viðkomandi embætti; eigi heldur er í konungsbrjefinu gengið út frá því, að bóndi sá, sem stendur upp af jörð fyrir presti, eigi að hafa aðra þóknun fyrir þetta en endurborgun festugjaldsins, hafi slíkt gjald verið greitt.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Auglýsing. **55** 22an júlí

Í sambandi með auglýsingu minni frá 14. apríl þ. á. (stjórnartíð. B. 1875—26), skal hjermeð birt almenningi, að fjárhagsstjórn ríkisins samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 19. f. m., hefur tjáð sig fúsa á að meðtaka til útgöngu þessa árs hina schlesvig-holsteinsku spesíupeninga, sem landfógetinn sendir henni. Fyrir því skal skorað á þá, sem eigi geta skipt hjá landfógetanum birgðum sínum af schlesvig holsteinskum spesíupeningum (áttskildingum, mörkum, tvímörkum, fermörkum, áttmörkum og spesium þeim, sem taldar eru í fyrnefndri auglýsingu), innan loka þessa mánaðar, að gera þetta sem allra fyrst, síðast innan 23. nóvembermánaðar þ. á., þá er póstskipið mun vera að búa sig af stað frá Reykjavík í síðasta sinni í ár.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. júlí 1875.[1]

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Ráðgjafaskipti:

Samkvæmt allraþegnsamlegastri beiðni hefur hans hátign konunginum þóknast hinn 11. dag júnímán. allramildilegast að veita ráðgjafa sínum fyrir Ísland, dómsmálaráðgjafa ríkisins og varadómara í hæzta-

1) 23. júlí var lagt fyrir landfógetann að senda aðalríkissjóðnum hina schlesvig holsteinsku spesíupeninga, sem samkvæmt þessari auglýsingu kæmu inn í jarðabókarsjóðinn, með fyrstu póstferð, eptir að peningarnir eru greiddir, síðast með 7. ferð hjeðan á þessu ári.